

Fundur Framkvæmdaráðs 29. júlí 2018, kl. 14:00

Mætt: Albert, Ásmundur, Gunnar, Jón Gunnar, Andri, Sindri, Eldbjörg og Valgeir

Gestir: Steinar

Fundarstjóri: Steinar; Fundarritari: Albert.

FUNDARGERÐ:

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

Þarfagreiningarmál

Albert kynnti stuttlega úttakskönnun á ráðgjafafyrirtækjum sem hægt væri að fá til að skoða og leiðbeina um starfsmannamál Pírata og vinna skýrslu um slíkt fyrir aðalfund. Haft var samband við átta mannauðsráðgjafafyrirtæki og þrjú gátu tekið að sér verkefnið og gáfu upp tímakaup og áætlaðan tímafjölda.

Bókun: Albert og Jón Gunnar fengu umboð til að semja við annað hvort HH Ráðgjöf eða Vöxt mannauðsráðgjöf um þarfagreiningu mannauðsmála Pírata og ráðgjöf hvað þau mál varðar. Samningsaðili skili af sér skýrslu fyrir aðalfund í september. Útgjöld vegna þessa verði að hámarki kr. 600 þúsund.

Starfsmannamál

Áskorun sem samþykkt var á félagsfundi var rædd og Framkvæmdaráð fagnar þessari áskorun. Verið er að vinna í að koma þessum hlutum í lag með skipulagningu og sparnaði eftir þörfum. Staðan er þannig að framkvæmdastjóri hefur umboð Framkvæmdaráðs til að ráða aðstoðarmann og mun leggja samning fyrir Framkvæmdaráð áður en lengra er haldið.

Aðalfundur

Valgeir og Jón Gunnar leggja til að halda aðalfund Pírata 15-16. sept., 22-23. sept. eða 29-30. sept. Vilji er til að halda fundinn utan höfuðborgarsvæðis. Kallað verður í undirbúningsnefnd úr grasrót sem fær að stýra og undirbúa aðalfundinn, undir yfirumsjón Valgeirs og Jóns Gunnars og í samráði við framkvæmdastjóra og gjaldkera Framkvæmdaráðs.

Bókun: Valgeir sér um að koma undirbúningshópnum á koppinn hið fyrsta og auglýsa eftir fólki í hann sem sendur verður á félagatalið og á aðra miðla Pírata.

Sparnaðaraðgerðir/fjármál

Gjaldkeri er með nokkrar hugmyndir um sparnaðarliði í útgjöldum. Sumt má framkvæma strax annað þarf að ræða frekar.

Bókun: Gunnar fær umboð til að segja upp þeim samningum sem hann og framkvæmdastjóri höfðu sammælt um að séu óþarfir.

Bókun: Gunnar boðar fund Framkvæmdaráðs og framkvæmdastjóra sem fyrst í ágúst þar sem rætt verður um frekari sparnaðaraðgerðir í rekstri og þeim komið í ferli.

Vísindaferðir

Starfsmaður Pírata verður tengiliður varðandi vísindaferðir og verður á staðnum. Haft verður samstarf við þingflokk eftir því sem mögulegt er. Andri ritari kemur þessu í ferli.

Lagabreytingar

Tillaga hefur borist að skipuð verði þriggja pírata nefnd sem yfirfer öll lög Pírata og aðildarfálaga með því markmiði að samræma og leiðbeina. Framkvæmdaráð styður slíka tillögu og hyggst ræða það á næsta fundi.

Lántaka

Gunnar gjaldkeri fór á fund með útibússtjóra Sparisjóðs Strandamanna til að koma fjármálum í

höfn. Niðurstaðan er sú að tryggð hefur verið fjármögnun Pírata út árið með hagkvæmstu mögulegri lausn.

Kosningaskýrsla eftir sveitarstjórnakosningar

Formaður og ritari Framkvæmdaráðs munu kalla eftir skýrum upplýsingum um stöðu kosningaskýrslu og hvenær henni verður skilað. Upplýsingar um slíkt liggy fyrir á næsta fundi.